

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Samtökum verslunarinnar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögleiddar verði reglur um efni ábyrgðaryfirlýsinga sem algengt er að seljendur vöru og þjónustu leggi fram í tengslum við kaup. Reglurnar eiga rót að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson,
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Árni R. Árnason.

Hjálmar Árnason.

Adolf H. Berndsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Össur Skarphéðinsson.

Ögmundur Jónasson.